

Söluskattur 11% svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og lögum nr. 5/1974 eru innifalin í upphæð gjalda skv. 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 15. mars n. k., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 370 29. nóv. 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 4. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 5. janúar 1973, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við fyrstu grein reglugerðarinnar bætist eftirfarandi, sem gildir mánuðina desember—apríl, að báðum mánuðunum meðtöldum:

06.03.00 Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborðið eða meðfarið á annan hátt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o, fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. mars 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 41 24. mars 1956 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. reglugerð nr. 36 10. febrúar 1972.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Vinningar eru samanlagt 4800 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti a. m. k. kr. 117 000 000.00 miðað við smásöluverð. Stjórn D.A.S. ákveður fjölda vinninga og verðmæti þeirra í hverjum flokki. Verðmæti vinninga að meðaltali í hverjum flokki skal vera svipað.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 3 000.00, en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 250.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1974. Jafnframt fellur úr gildi 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 36 10. febrúar 1972.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. febrúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.